

Stjórnartíðindi

2004 - B-deild - B142-143

Útgáfa 1.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundu skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum <https://urlausnir.is>. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundaréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Athugasemdir um þessa útgáfu

Mínniháttar gallar á bls. 2295, 2315, og 2319.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

Stjórnartíðindi

B 142-143

Nr. 919-927

2004

Efnisyfirlit B 142–143 2004

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðatal
919	17. nóv.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 757/2002 um sér- fæði	2273-2274
920	17. nóv.	Reglugerð um breytingu á reglugerð um sýnatökur og með- höndlun sýna fyrir mælingar á aðskotaefnum í matvælum nr. 736/2003	2275-2285
921	17. nóv.	Reglugerð um efni og hluti úr sellulósafilmu sem er ætlað að snerta matvæli	2286-2294
922	17. nóv.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 121/2004 um varn- arefnaleifar í matvælum	2295-2313
923	12. nóv.	Gjaldskrá um gatnagerðargjöld í Rangárþingi eystra	2313-2315
924	17. nóv.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 751/2002 um til- teknar epoxy afleiður til notkunar í efni og hluti sem ætlað er að snerta matvæli	2315-2316
925	8. nóv.	Reglur um undanþágur frá auglýsingum vegna starfa við Háskólann á Akureyri	2316-2318
926	19. nóv.	Reglugerð um breytingu á reglugerð um meðferð persónu- upplýsinga hjá lögreglu, nr. 322 9. apríl 2001	2319
927	22. nóv.	Auglýsing um deiliskipulag í Eyjafjarðarsveit	2320

STJÓRNARTÍÐINDI B 142 – 2004

17. nóvember 2004

2273

Nr. 919

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 757/2002 um sérfæði.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á viðauka reglugerðarinnar:

- a) Í stað orðsins „VIÐAUKI“ komi VIÐAUKI 1.
b) Í 2. flokk, Steinefni, bætist við nýtt efnisatriði á eftir orðinu KALSÍUM:

Efni	Notkunarskilyrði	
	Allt sérfæði	SSLT
–súlfat	x	

- c) Við 3. flokk, Amínósýrur, bætist eftirfarandi:

Efni	Notkunarskilyrði	
	Allt sérfæði	SSLT
–L-serín		x
–L-arginín-L-aspartat		x
–L-lýsín-L-aspartat		x
–L-lýsín-L-glútamat		x
–N-asetýl-L-systein		x
–N-asetýl-L-meþíonín		x í vörur ætlaðar einstaklingum eldri en 1 árs

- d) Við 4. flokk, Karnítín og tárín, bætist eftirfarandi:

Efni	Notkunarskilyrði	
	Allt sérfæði	SSLT
–L-karnítín-L-tartrat	x	

2. gr.

Við reglugerðina bætist eftirfarandi viðauki:

VIÐAUKI 2

Efni sem nota má tímabundið í sérstökum næringarfræðilegum tilgangi í sérfæði.

1. flokkur.	KOPAR
Vítamín	–klóbundin amínósýra
E-VÍTAMÍN	JÁRN
–D-alfa-tókóferól pólýetýlenglýkól 1000	–ferróhýdroxíð
súksínat	–ferrópíдолat
2. flokkur.	–klóbundin amínósýra
Steinefni	SELEN
BÓR	–efnabætt ger
–bórsýra	MAGNESÍUM
–natríum bórat	–klóbundin amínósýra
KALSÍUM	–píдолat
–klóbundin amínósýra	SINK
–píдолat	–klóbundin amínósýra
KRÓM	
–klóbundin amínósýra	

3. gr.

5. gr. verður svohljóðandi:

Einungis er heimilt að nota næringarefnin sem skráð eru í viðauka 1 við framleiðslu á sérfæði. Notkun efnanna skal vera í samræmi við sérákvæði sem um þessi efni gilda og tilgreind eru í 12. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt, fram til 31. desember 2006, að nota vítamín og steinefni sem koma fram í viðauka 2 að því tilskyldu að:

1. Viðkomandi efni sé notað í einni eða fleiri vörum sem eru á markaði á Evrópska efnahagssvæðinu við gildistöku reglugerðarinnar.
2. Matvælaöryggisstofnun Evrópu (EFSA) hafi ekki gefið neikvætt álit að því er varðar notkun efnanna við framleiðslu á sérfæði.

Notkun næringarefna í sérfæði skal leiða til framleiðslu örugggra vara sem fullnægja sérstökum næringarþörfum þeirra sem sérfæðið er ætlað eins og viðurkennd vísindagögn segja til um.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. gr. laga um matvæli nr. 93/1995 sbr. lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum og til innleiðingar á tilskipunum 2004/5/EB og 2004/6/EB sem vísað er til í tölul. 54zzi, XII. kafla, II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 124/2004, þann 24. september 2004.

Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

Umhverfisstjórnuneytinu, 17. nóvember 2004.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um sýnatökur og meðhöndlun sýna fyrir mælingar á aðskotaefnum í matvælum nr. 736/2003.

1. gr.

1. mgr. 3. gr. hljóðar svo:

Aðferðir við sýnatöku og aðra meðhöndlun sýna fyrir mælingar á varnarefnaleifum í og á ávöxtum, grænmeti og dýraafurðum skulu vera í samræmi við B hluta í viðauka með reglugerð þessari. Sýnataka vegna eftirlits með sveppaeitri í matvælum skal framkvæmd í samræmi við ákvæði í D, E, F, G, J og K hluta í viðauka. Sýnataka vegna eftirlits með tini í niðursoðnum matvælum skal framkvæmd í samræmi við L og M hluta viðauka. Greining skal framkvæmd með þeirri aðferð sem þar kemur fram eða annarri aðferð sem telst sambærileg.

2. gr.

1. mgr. A-hluta viðauka hljóðar svo:

Sýni til opinbers eftirlits með hámarki varnarefnaleifa, aflatoksíns, okratoksíns A, patúlíns, blýs, kadmíns, kvikasilfurs, 3-MCPD, tins, díoxíns og PCB-efna í matvælum skulu tekin samkvæmt aðferðum sem lýst er í viðauka þessum. Vöru/safn- og rannsóknasýni tekin á þann hátt skulu talin dæmigerð fyrir framleiðslueininguna. Opinber eftirlitsaðili skal taka sýnin.

3. gr.

D-hluti viðauka reglugerðarinnar orðist svo:

D hluti

Sýnatökur fyrir mælingar á aflatoksíni í matvælum.

1. Almenn ákvæði.

Undirbúningur safnsýna.

Safnsýni eru mynduð með því að sameina og blanda saman hlutasýnum. Að lokinni blöndun skal skipta safnsýninu í nokkur jafnstór undirsýni eins og lýst er hér að neðan.

Samhliða sýni.

Taka ber samhliða sýni vegna fullnustuákvæða eða verslunarverndar eða vegna úrskurðarmála úr rannsóknasýni sem hefur verið gert einsleitt svo fremi að það stangist ekki á við reglur um sýnatökur.

Pökkun og flutningur á rannsóknasýnum.

Hvert rannsóknasýni skal sett í hreinar, efnafræðilega óvirkar umbúðir sem verja það nægilega gegn efnamengun, efnatapi (t.d. ásogi), efnabreytingum og skemmdum í flutningi. Umbúðirnar skulu merktar og innsiglaðar á þann hátt að ekki sé hægt að opna þær eða fjarlægja merkingar án þess að brjóta innsiglið.

Halda skal skrá yfir hverja sýnatöku á þann hátt að hver framleiðslueining er auðkennd á ótvíræðan hátt með dagsetningu og sýnatökustað ásamt öðrum viðbótarupplýsingum sem gætu komið greinandanum að notum.

Mismunandi framleiðslueiningar.

Matvæli eru ýmist seld í lausu, í umbúðum eða stökum einingum (svo sem sekkjum, pokum og smásölupakkningum). Beita má sýnatökuaðferðinni á allar matvörur í hvaða formi sem þær eru settar á markað.

Styðjast skal við eftirfarandi formúlu til leiðbeiningar við sýnatöku úr framleiðslueiningum sem fara á markað sem stakar einingar (svo sem sekkir, pokar og smásölupakkningar):

$$\text{Sýnatökutíðni} = \frac{\text{Þyngd}^1 \text{ framleiðslueiningar} \times \text{þyngd hlutasýnis}}{\text{Þyngd safnsýnis} \times \text{þyngd stakrar einingar}}$$

Sýnatökutíðni: n-ti hver sekkur eða poki sem taka ber hlutasýni úr (tugabrot skal námunda að næstu heilu tölu).

Þyngd hlutasýnis.

Þyngd hlutasýnis skal vera um 300 grömm nema kveðið sé á um annað í kafla um sýnatökuaðferðir hér á eftir. Hlutasýni af kryddi skal vera um 100 grömm. Ef um er að ræða framleiðslueiningu með smásölupakkningum ræðst þyngd hlutasýnisins af þyngd smásölupakkninga.

Fjöldi hlutasýna í framleiðslueiningum sem eru minni en 15 tonn.

Fjöldi hlutasýna sem taka á, fer eftir þyngd framleiðslueiningarinnar, skal þó minnst vera 10 sýni og mest 100 sýni, nema kveðið sé á um annað í þessum viðauka. Styðjast má við tölurnar í töflu D1 við ákvörðun á þeim fjölda hlutasýna sem taka ber.

Tafla D1

Fjöldi hlutasýna sem taka ber úr mismunandi þyngdarflokkum framleiðslueininga.

Þyngd (tonn)	Fjöldi framleiðslueininga
≤ 0,1	10
> 0,1 – ≤ 0,2	15
>0,2 – ≤ 0,5	20
>0,5 – ≤ 1,0	30
>1,0 – ≤ 2,0	40
>2,0 – ≤ 5,0	60
>5,0 – ≤ 10,0	80
>10,0 – ≤ 15,0	100

2. Sýnatökuaðferðir og viðmiðanir.

2.1. Jarðhnetur, hnetur, þurrkaðir ávextir, krydd og korn.

¹ Þyngd í kg.

Tafla D2
Skipting framleiðslueininga í framleiðsluhluta eftir
afurðum og þyngd á framleiðslueiningu.

Vara	Þyngd framleiðslueiningar (tonn)	Þyngd eða fjöldi framleiðsluhluta	Fjöldi hlutasýna	Þyngd safnsýna (kg)
Þurrkaðar fikjur og aðrir þurrkaðir ávextir	≥ 15	15-30 tonn	100	30
	< 15	-	10-100 ²	≤ 30
Jarðhnetur, pistasíuhnetur, parahnetur og aðrar hnetur	≥ 500	100 tonn	100	30
	> 125 og < 500	5 framleiðsluhlutar	100	30
	≥ 15 og ≤ 125	25 tonn	100	30
	< 15	-	10-100 ²	≤ 30
Korn	≥ 1500	500 tonn	100	30
	> 300 og < 1500	3 framleiðsluhlutar	100	30
	≥ 50 og ≤ 300	100 tonn	100	30
	< 50	-	10-100 ²	1-10
Krydd	≥ 15	25 tonn	100	10
	< 15	-	10-100 ²	1-10

2.2. Jarðhnetur, pistasíuhnetur, parahnetur, þurrkaðar fikjur, korn og krydd þar sem framleiðslueiningar eru ≥ 50 tonn.

Sýnatökuaðferð.

- Ef hægt er að skilja framleiðsluhluta í sundur verður að skipta hverri framleiðslueiningu í framleiðsluhluta samkvæmt töflu D2. Þar sem þyngd framleiðslueiningarinnar er ekki alltaf heilt margfeldi af þyngd framleiðsluhlutanna má þyngd þeirra mest fara 20% umfram tilgreinda þyngd;
- sýnataka skal fara fram í hverjum framleiðsluhluta fyrir sig;
- fjöldi hlutasýna skal vera 100. Ef framleiðslueiningar eru undir 15 tonnum fer fjöldi hlutasýna sem taka ber eftir þyngd framleiðslueiningarinnar og skal fjöldinn vera minnstur 10 og mestur 100;
- safnsýni (30 kg) skal blanda og skipta í þrjú jafnstór undirsýni, sem hvert vegur 10 kg, áður en þau eru möluð (þessi skipting í þrjú undirsýni er óþörf ef um er að ræða jarðhnetur, hnetur og þurrkaða ávexti sem flokka á frekar eða eiga að hljóta frekari hlutbundna meðhöndlun, en það er hins vegar háð því að fyrir hendi sé búnaður sem gerir kleift að búa til einsleitt 30 kg sýni). Ef þyngd safnsýna er minni en 10 kg skal ekki skipta þeim í þrjú undirsýni. Þegar um krydd er að ræða vegur safnsýni ekki meira en 10 kg og því er ekki nauðsynlegt að skipta safnsýni í undirsýni;
- rannsóknasýni er undirsýni sem vegur 10 kg (hvert undirsýni skal fín mala sérstaklega og það blandað vandlega til þess að það verði fullkomlega einsleitt, til samræmis við þau ákvæði sem mælt er fyrir um í E hluta þessa viðauka);
- ef ekki er hægt að koma við þeirri sýnatökuaðferð, sem lýst er hér að framan er heimilt að beita annarri aðferð við sýnatöku að því tilskildu að hún sé svo dæmigerð sem framast er kostur og að henni hafi að fullu verið lýst og hún studd traustum rökum.

Samþykki fyrir framleiðslueiningu eða framleiðsluhluta.

Ef um er að ræða jarðhnetur, hnetur, þurrkaða ávexti eða maís sem á að flokka eða meðhöndla á annan hátt svo og krydd:

² Fer eftir þyngd framleiðslueiningarinnar.

- Samþykki ef safnsýnið eða meðaltal undirsýna samræmist ákvæðum um leyfilegt hámark, að teknu tilliti til mælióvissu og leiðréttingar fyrir heimtum;
- synjun ef safnsýnið eða meðaltal undirsýna fer án vafa yfir leyfilegt hámark, að teknu tilliti til mælióvissu og leiðréttingar fyrir heimtum.

Ef um er að ræða jarðhnetur, hnetur, þurrkaða ávexti og korn, sem ætlað er beint til manneldis eða korn, að maís undanskildum, sem á að flokka eða meðhöndla á annan hátt:

- Samþykki ef ekkert undirsýna fer yfir leyfilegt hámark, að teknu tilliti til mælióvissu og leiðréttingar fyrir heimtum;
- synjun ef eitt eða fleiri undirsýnanna fara án vafa yfir leyfilegt hámark, að teknu tilliti til mælióvissu og leiðréttingar fyrir heimtum.

Ef safnsýnið er undir 10 kg:

- Samþykki ef safnsýnið samræmist ákvæðum um leyfilegt hámark, að teknu tilliti til mælióvissu og leiðréttingar fyrir heimtum;
- synjun ef safnsýnið fer án vafa yfir leyfilegt hámark, að teknu tilliti til mælióvissu og leiðréttingar fyrir heimtum.

2.3. Hnetur aðrar en jarðhnetur, pistasúhnetur og parahnetur, þurrkaðir ávextir aðrir en fíkjur og korn þar sem framleiðslueiningar eru undir 50 tonnum.

Sýnatökuaðferð.

Fyrir þessar afurðir má nota þá sýnatökuaðferð sem lýst er í lið 2.2 í D hluta.

Með hliðsjón af því hversu sjaldgæft er að þessar afurðir mengist og/eða með hliðsjón af nýjum gerðum umbúða, sem heimilt er að selja þessar afurðir í, má þó nota einfaldari sýnatökuaðferðir.

Fyrir framleiðslueiningar kornafurða, sem eru undir 50 tonnum, má styðjast við sýnatökuaáætlun, sem er breytileg eftir þyngd framleiðslueiningar hverju sinni, þar sem 10 til 100 hlutasýni, hvert 100 grömm að þyngd, eru tekin og þau gefa safnsýni sem er 1 til 10 kg. Styðjast má við tölurnar í töflu D3 til þess að ákvarða fjölda þeirra hlutasýna sem taka ber.

Tafla D3

Fjöldi hlutasýna sem taka ber úr mismunandi þyngdarflokkum framleiðslueininga.

Þyngd (tonn)	Fjöldi framleiðslueininga
≤ 1	10
> 1 – ≤ 3	20
>3 – ≤ 10	40
>10 – ≤ 20	60
>20 – ≤ 50	100

Samþykki fyrir framleiðslueiningu eða framleiðsluhluta.

Ef um er að ræða jarðhnetur, hnetur og þurrkaða ávexti sem á að flokka eða meðhöndla á annan hátt:

- Samþykki ef safnsýnið samræmist ákvæðum um leyfilegt hámark, að teknu tilliti til mælióvissu og leiðréttingar fyrir heimtum;
- synjun ef safnsýnið fer án vafa yfir leyfilegt hámark, að teknu tilliti til mælióvissu og leiðréttingar fyrir heimtum.

Ef um er að ræða jarðhnetur, hnetur, þurrkaða ávexti og korn sem ætlað er beint til manneldis:

- Samþykki ef safnsýnið samræmist ákvæðum um leyfilegt hámark, að teknu tilliti til mælióvissu og leiðréttingar fyrir heimtum;
- synjun ef safnsýnið fer án vafa yfir leyfilegt hámark, að teknu tilliti til mælióvissu og leiðréttingar fyrir heimtum.

Ef safnsýnið er undir 10 kg:

- Samþykki ef safnsýnið samræmist ákvæðum um leyfilegt hámark, að teknu tilliti til mælióvissu og leiðréttingar fyrir heimtum;
- synjun ef safnsýnið fer án vafa yfir leyfilegt hámark að teknu tilliti til mælióvissu og leiðréttingar fyrir heimtum.

3. Mjólk.

Sýnatökuaðferð.

Sýnataka í samræmi við mjólkurreglugerð þar sem mælt er fyrir um ákveðnar aðferðir við greiningu og próf á hrámjólk og hitameðhöndlaðri mjólk:

- Fjöldi hlutasýna: lágmark 5;
- þyngd safnsýnis: lágmark 0,5 kg eða lítrar.

Samþykki fyrir framleiðslueiningu eða framleiðsluhluta.

- Samþykki ef safnsýnið samræmist ákvæðum um leyfilegt hámark, að teknu tilliti til mælióvissu og leiðréttingar fyrir heimtum;
- synjun ef safnsýnið fer án vafa yfir leyfilegt hámark, að teknu tilliti til mælióvissu og leiðréttingar fyrir heimtum.

4. Afleiddar afurðir og samsett matvæli.

4.1. Mjólkurafurðir.

Sýnatökuaðferð.

Sýnataka í samræmi við gildandi mjólkurreglugerð.

Fjöldi hlutasýna skal að lágmarki vera 5.

Samsvarandi aðferðir eru notaðar fyrir aðrar mjólkurafurðir.

Samþykki fyrir framleiðslueiningu eða framleiðsluhluta.

- Samþykki ef safnsýnið samræmist ákvæðum um leyfilegt hámark, að teknu tilliti til mælióvissu og leiðréttingar fyrir heimtum;
- synjun ef safnsýnið fer án vafa yfir leyfilegt hámark, að teknu tilliti til mælióvissu og leiðréttingar fyrir heimtum.

4.2. Aðrar afleiddar afurðir með mjög léttum ögnum, svo sem mjöl, fíkjumauk, hnetu-smjör (einsleit dreifing aflatoxínmengunar).

Sýnatökuaðferð.

- Fjöldi hlutasýna skal vera 100. Fyrir framleiðslueiningar undir 50 tonnum skal fjöldi hlutasýna vera 10 til 100 og fara eftir þyngd framleiðslueiningarinnar (sjá töflu D3);
- þyngd hlutasýna á að vera um 100 grömm. Ef um er að ræða framleiðslueiningar í smásöluumbúðum fer þyngd hlutasýna eftir þyngd smásöluumbúðanna;
- þyngd safnsýnis skal vera 1–10 kg og skal það vera nægilega blandað.

Fjöldi sýna sem taka ber.

Fjöldi safnsýna sem taka ber fer eftir þyngd framleiðslueiningarinnar. Skiptingu stórra framleiðslueininga í framleiðsluhluta skal háttáð svo sem kveðið er á um fyrir korn í töflu D2 liður 2.1. í D-hluta. Taka ber sýni úr hverjum framleiðsluhluta fyrir sig.

Samþykki fyrir framleiðslueiningu eða framleiðsluhluta.

- Samþykki ef safnsýnið samræmist ákvæðum um leyfilegt hámark, að teknu tilliti til mælióvissu og leiðréttingar fyrir heimtum;
- synjun ef safnsýnið fer án vafa yfir leyfilegt hámark, að teknu tilliti til mælióvissu og leiðréttingar fyrir heimtum.

4.3. Aðrar afleiddar afurðir með tiltölulega stórum kornum (misleit dreifing aflatoxínmengunar).

Sýnatökuaðferð og samþykki eins og kveðið er á um hér að ofan að mjólk undanskilinni.

Sýnataka á smásölustigi.

Sýnataka á matvælum á smásölustigi skal vera í samræmi við fyrrgreindar sýnatökuaðferðir þar sem því verður við komið. Þar sem því er ekki við komið má nota aðrar fullnægjandi sýnatökuaðferðir, svo fremi sem þær tryggja dæmigert sýni af framleiðslueiningunni.

4.4. Matvæli ætluð ungbörnum og smábörnum.

Sýnatökuaðferð.

Sýnatökuaðferðir eins og kveðið er á um hér að ofan fyrir mjólk, mjólkurvörur og aðrar afleiddar afurðir með tiltölulega stórum kornum (misleit dreifing aflatoxínmengunar).

Samþykki fyrir framleiðslueiningu eða framleiðsluhluta.

- Samþykki ef safnsýnið samræmist ákvæðum um leyfilegt hámark, að teknu tilliti til mælióvissu og leiðréttingar fyrir heimtum;
- synjun ef safnsýnið fer án vafa yfir leyfilegt hámark, að teknu tilliti til mælióvissu og leiðréttingar fyrir heimtum.

Undirbúningur greiningarsýnis.

Hvert rannsóknasýni er fín malað og blandað vandlega saman með aðferð sem sannað þykir að tryggi fullkomna einsleitni.

Ef hámarksgildin eiga við þurrefni skal þurrefnisinnihald ákvarðað í hluta sýnis sem hefur verið gert einsleitt og til þess skal nota aðferð sem sýnt hefur verið fram á að sé nákvæm við ákvörðun á þurrefnisinnihaldi.

4. gr.

Töluliður 3 í E-hluta viðauka hljóðar svo:

3. Útreikningar á endurheimt.

Að því er varðar endurheimt ber að greina frá niðurstöðum greininga, leiðréttum eða óleiðréttum. Endurheimtuhlutfallið skal tilgreint. Niðurstöður greininga, leiðréttar fyrir endurheimt, eru notaðar til að fylgjast með því að farið sé að kröfum (sjá 3. lið í J-hluta). Niðurstöður greininga skal skrá sem $x \pm U$ þar sem x er niðurstaða greiningarinnar og U er útvíkkaða mælióvissan með þekjustuðulinn 2 sem gefur u.þ.b. 95% áreiðanleika.

5. gr.

Töluliður 2.2. í F-hluta viðauka hljóðar svo:

2.2. Sýnatökuaðferð fyrir korn og kornvörur (framleiðslueining < 50 tonn) og þurrkaða vínvíðarávexti (framleiðslueining < 15 tonn).

Fyrir framleiðslueiningar kornafurða sem eru undir 50 tonnum og framleiðslueiningar af þurrkuðum vínvíðarávöxtum sem eru undir 15 tonnum, má styðjast við sýnatökuaætlan, sem er breytileg eftir þyngd framleiðslueiningar hverju sinni, þar sem 10-100 hlutasýni eru

tekin og þau gefa safnsýni sem er 1 – 10 kg. Styðjast má við tölurnar í töflu F2 til að ákvarða fjölda þeirra hlutasýna sem taka ber.

Tafla F2
Fjöldi hlutasýna sem taka ber úr mismunandi þyngdarflokkum framleiðslueininga kornafurða.

Þyngd (tonn)	Fjöldi framleiðslueininga
≤ 1	10
> 1 – ≤ 3	20
> 3 – ≤ 10	40
> 10 – ≤ 20	60
> 20 – ≤ 50	100

Tafla F3
Fjöldi hlutasýna sem taka ber úr mismunandi þyngdarflokkum framleiðslueininga af þurrkuðum vínviðarávöxtum.

Þyngd (tonn)	Fjöldi framleiðslueininga
≤ 0,1	10
> 0,1 – ≤ 0,2	15
>0,2 – ≤ 0,5	20
>0,5 – ≤ 1,0	30
>1,0 – ≤ 2,0	40
>2,0 – ≤ 5,0	60
>5,0 – ≤ 10,0	80
>10,0 – ≤ 15,0	100

Sýnataka á matvælum sem ætluð eru ungbörnum og smábörnum.

Sýnatökuaðferð eins og kveðið er á um fyrir korn og kornvörur hér að ofan. Það merkir að fjöldi hlutasýna veltur á þyngd framleiðslueiningarinnar, þannig að lágmarksfjöldi sýna er 10 og hámarksfjöldi sýna er 100 í samræmi við töflu F2.

Þyngd hlutasýnis skal vera um 100 g. Sé um smásölupakkningar að ræða fer þyngd sýnis eftir þyngd smásölupakkningar.

Þyngd safnsýnis skal vera 1 – 10 kg og skal það vera vel blandað.

Sýnataka á smásölustigi.

Sýnataka á matvælum á smásölustigi skal vera í samræmi við fyrrgreindar sýnatökuaðferðir þar sem því verður við komið. Þar sem því verður ekki við komið má nota aðrar fullnægjandi sýnatökuaðferðir svo fremi sem þær tryggja dæmigert sýni af framleiðslueiningunni.

Samþykki fyrir framleiðslueiningu eða framleiðsluhluta.

- Samþykki ef safnsýnið samræmist ákvæðum um leyfileg hámarksgildi, að teknu tilliti til mælióvissu og leiðréttingar fyrir heimtum;
- synjun ef safnsýnið fer án vafa yfir leyfileg hámarksgildi, að teknu tilliti til mælióvissu og leiðréttingar fyrir heimtum.

6. gr.

Við viðauka reglugerðarinnar bætist eftirfarandi L-hluti:

L-hluti
Sýnatökur vegna mælinga á tini í matvælum.

1. Almenn ákvæði.

Undirbúningur safnsýna.

Safnsýni eru mynduð með því að sameina og blanda saman hlutasýnum. Safnsýni skal gera einsleitt á rannsóknastofu.

Samhliða sýni.

Taka ber samhliða sýni vegna fullnustuákvæða, verslunarverndar eða úrskurðarmála úr rannsóknasýni sem hefur verið gert einsleitt svo fremi sem það stangast ekki á við reglur um sýnatökur.

Pökkun og flutningur á sýnum.

Hvert rannsóknasýni skal sett í hreinar, efnafræðilega óvirkar umbúðir sem verja það nægilega gegn efnamengun, efnatapi (t.d. ásogi), efnabreytingum og skemmdum í flutningi. Umbúðirnar skulu merktar og innsiglaðar á þann hátt að ekki sé hægt að opna þær eða fjarlægja merkingar án þess að brjóta innsiglið.

Halda skal skrá yfir hverja sýnatöku á þann hátt að hver framleiðslueining sé auðkennd á ótvíræðan hátt með dagsetningu og sýnatökustað ásamt öðrum viðbótarupplýsingum sem gætu komið greinandanum að notum.

2. Sýnatökur.

Sýnatökuaðferðin, sem notuð er, skal tryggja að safnsýnið sé dæmigert fyrir framleiðslueininguna sem verið er að athuga.

Fjöldi hlutasýna.

Lágmarksfjöldi hlutasýna sem tekin eru af matvælum úr niðursuðudósnum skal vera í samræmi við töflu L-1. Hlutasýni skulu vera u.þ.b. jafn þung og saman mynda þau safnsýni.

Tafla L-1

Fjöldi niðursuðudósa (hlutasýna) sem taka skal til að mynda safnsýni.

Fjöldi dósa í framleiðslulotu eða undirlotu	Lágmarksfjöldi dósa sem taka skal sýni úr
1 – 25	a.m.k. 1 dós
26 – 100	a.m.k. 2 dósir
> 100	5 dósir

Tölurnar eiga við innihald dósanna, en til að gera mælingar mögulegar er nauðsynlegt að mynda safnsýni. Ef niðurstaða mælinga er innan við en nálægt hámarksgildi og grunur leikur á að innihald einstakra dósa fari yfir hámarksgildi er heimilt að framkvæma frekari rannsóknir.

Sýnataka á smásölustigi.

Sýnataka á matvælum á smásölustigi skal vera í samræmi við fyrrgreindar sýnatökuaðferðir þar sem því verður við komið. Þar sem því verður ekki við komið má nota aðrar fullnægjandi sýnatökuaðferðir svo fremi sem þær tryggja dæmigert sýni af framleiðslueiningunni.

Samþykki fyrir framleiðslueiningu eða framleiðsluhluta.

Taka ber a.m.k. tvö samhlíða sýni vegna fullnustuákvæða og reikna út meðaltalsgildi þeirra.

- Samþykki ef safnsýnið samræmist ákvæðum um leyfileg hámarksgildi, að teknu tilliti til mælióvissu og leiðréttingar fyrir heimtum;
- synjun ef safnsýnið fer án vafa yfir leyfileg hámarksgildi, að teknu tilliti til mælióvissu og leiðréttingar fyrir heimtum.

7. gr.

Við viðauka reglugerðarinnar bætist eftirfarandi M-hluti.

M-hluti

Undirbúningur sýna og viðmiðanir vegna greiningaraðferða sem notaðar eru við opinbert eftirlit á styrk tins í niðursoðnum matvælum.

1. Almenn ákvæði.

Varúðarráðstafanir.

Grundvallaratriði er að taka sýni sem eru dæmigerð fyrir heildina og gera þau einsleit á þess að þau verði fyrir mengun.

Rannsóknnaðili skal ganga úr skugga um að sýni mengist ekki við meðhöndlun. Þar sem því verður við komið skulu tæki og áhöld sem komast í snertingu við sýnið vera úr hvarf-tregu efni svo sem polypropylene-plasti, PTFE o.s.frv. og skulu þau sýruþvegin til að lágmarka hættu á mengun. Skurðáhöld skulu vera úr hágæðastáli.

Nota ber allt efni, sem rannsóknastofan tekur á móti, við undirbúning sýnis. Samanburðarnákvæmar niðurstöður fást aðeins úr einsleitum sýnum.

Til eru margar ásættanlegar aðferðir við undirbúning sýna sem nota má, m.a. sú aðferð sem lýst er í ÍST EN 13804 staðli um „Determination of trace elements – Performance criteria and general consideration“.

Meðhöndlun sýnisins við móttöku á rannsóknastofu.

Hvert sýni er fín malað, að svo miklu leyti sem þörf er á og blandað vandlega saman með aðferð sem sannað þykir að tryggji fullkomna einsleitni.

Frekari skipting sýna með tilliti til fullnustuákvæða eða verslunarverndar.

Endurtökusýni vegna fullnustuákvæða, verslunarverndar eða ágreiningsmála skal tekið úr einsleita sýninu svo fremi að það stangast ekki á við reglur um sýnatöku.

2. Greiningaraðferð, sem nota ber á rannsóknastofu, og kröfur um eftirlit á rannsóknastofu við mælingar á tinni.

Skilgreiningar.

Nokkur af helstu skilgreiningum, sem rannsóknastofa þarf að styðjast við, eru eftirfarandi:

$r =$ Endurtekningarnákvæmni (repeatability) er það gildi sem er stærra en tölugildi mismunar tveggja stakra prófniðurstaðna, sem eru fengnar við endurtekningarnákvæm skilyrði (það er sama sýni, sami starfsmaður, sami tækjabúnaður, sama rannsóknastofa og á skömmum tíma), og vænta má að liggi innan tiltekinna líkinda (venjulega 95%), og því er $r = 2,8 \times s_r$.

$s_r =$ Staðalfrávik, reiknað út frá niðurstöðum sem eru fengnar við endurtekningarnákvæm skilyrði.

- $RSD_r =$ Hlutfallslegt staðalfrávik er reiknað út frá niðurstöðum sem eru fengnar við endurtekningarnákvæm skilyrði $[(s_r / \bar{\chi}) \times 100]$, þar sem $\bar{\chi}$ er meðaltal niðurstaðna fyrir allar rannsóknastofur og öll sýni.
- $R =$ Samanburðarnákvæmni (reproducibility): Það gildi sem er stærra en tölulegur mismunur stakra prófniðurstaðna, sem eru fengnar við samanburðarnákvæm skilyrði, það er sem starfsmenn á mismunandi rannsóknastofum fá með staðlaðri prófunaraðferð á sams konar efni, og vænta má að liggja innan tiltekinna líkinda, venjulega 95%;
- $R = 2,8 \times S_R.$
- $S_R =$ Staðalfrávik, reiknað út frá niðurstöðum sem eru fengnar við samanburðarnákvæm skilyrði.
- $RSD_R =$ Hlutfallslegt staðalfrávik, reiknað út frá niðurstöðum sem eru fengnar við samanburðarnákvæm skilyrði $[(S_R / \bar{\chi}) \times 100]$.
- $HORRAT_r =$ Reiknað RSD_r deilt með RSD_r sem ákvarðað var með Horwitz jöfnunni þar sem gengið er út frá því að $r=0,66R$.
- $HORRAT_R =$ Reiknað RSD_R deilt með RSD_R gildi sem ákvarðað var með Horwitz jöfnunni.
- $U =$ Útvíkkuð mælióvissa með þekjustuðulinn 2 sem gefur u.þ.b. 95% áreiðanleika.

Sérstakar kröfur.

Hafi ekki verið mælt fyrir um neinar sérstakar aðferðir til þess að ákvarða styrk tins í niðursoðnum matvælum er rannsóknastofum heimilt að velja hverja þá viðurkennda aðferð sem samræmist eftirfarandi viðmiðunum í töflu M-1:

Tafla M-1
Viðmiðanir fyrir tin.

Viðmiðun	Hámarksgildi/Athugasemd
Gildissvið	Matvæli sem eru í viðauka 2 í reglugerð nr. 411/2004
Greiningarmörk	Innan við 5 mg/kg
Mörk magngreiningar	Innan við 10 mg/kg
Samkvæmni	$HORRAT_r$ eða $HORRAT_R$ gildi innan við 1,5 af fullgildingarsamanburðarprófi
Heimtur	80% til 105% (eins og fram kemur í samanburðarprófi)
Sérhæfni	Laust við bakgrunn og truflanir

3. Nothæfisviðmiðanir – Óvissuútreikningur.

Heimilt er að nota óvissuútreikninga til að meta nothæfi efnagreiningaraðferðar sem rannsóknastofa notar. Rannsóknastofa getur notað aðferð sem gefur niðurstöður innan hámarks staðalóvissu. Hámarks staðalóvissu má reikna samkvæmt eftirfarandi aðferð:

$$Uf : \sqrt{(LOD/2)^2 + (0,1C)^2}$$

Þar sem:

Uf er hámarks staðalóvissa

LOD eru greiningarmörk aðferðarinnar

C styrkur efnisins á því styrkbili sem mælingar miðast við

Ef óvissa í niðurstöðu greiningaraðferðar er minni en hámarks staðalóvissa, er aðferðin jafngild aðferð sem uppfyllir viðmiðanir í töflu M-1, hvað varðar nothæfi.

4. Útreikningur á endurheimt og skráning niðurstaðna.

Að því er varðar endurheimt ber að greina frá niðurstöðum greininga, leiðréttum eða óleiðréttum. Endurheimtuhlutfallið skal tilgreint. Niðurstöður greininga, leiðréttar fyrir endurheimt, eru notaðar til að fylgjast með því að farið sé að kröfum (sjá 3. lið í J-hluta). Niðurstöður greininga skal skrá sem $\times \pm$. U þar sem \times er niðurstaða greiningarinnar og U er útvíkkaða mælióvissan. U er útvíkkaða mælióvissan með þekjustuðulinn 2 sem gefur u.þ.b. 95% áreiðanleika.

5. Aðrir þættir sem taka skal tillit til við greiningar.

Hæfnispróf.

Þátttaka í viðeigandi hæfnisprófum sem uppfylla „International Harmonised Protocol for the Proficiency Testing of (Chemical) Analytical Laboratories“ sem þróað var á vegum IUPAC/ISO/AOAC. Mælt er með þátttöku í hæfnisprófum sem taka til ákvörðunar tins í matvælum fremur en prófana sem taka til ákvörðunar á málmum í matvælum.

Innra eftirlit.

Rannsóknastofur skulu geta sýnt fram á að þær hafi innra eftirlit.

Undirbúningur sýna.

Þess skal gætt að allt tin í sýninu sé uppleyst áður en greining fer fram. Sérstaklega skal þess gætt að aðferð við að leysa upp tin leiði ekki til þess að vatnsrofið SnIV hafi fallið út í lausninni (t.d. tinoxíð SnO_2 , $\text{Sn}(\text{OH})_4\text{H}_2\text{O}$).

8. gr.

Reglugerð þessi er sett með stöð í 18. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli og lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum til innleiðingar á tilskipunum nr. 2003/121/EB um breytingu á tilskipun 98/53/EB um sýnatöku- og greiningaraðferðir vegna opinbers eftirlits með magni tiltekinna mengunarefna í matvælum, 2004/16 um sýnatöku og efnagreiningaraðferðir fyrir opinbert eftirlit með magni tins í niðursoðnum matvælum og 2004/43/EB um breytingu á tilskipun 89/53/EB og tilskipun 2002/26/EB um aðferðir við sýnatöku og greiningu við opinbert eftirlit með styrk aflatoxíns og okratoxíns A í fæði fyrir ungbörn og smábörn sem vísað er til í tölulið 54s., XII. kafla, II. viðauka samningsins um Evrópskt efnahagssvæði eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 124 frá 24. september 2004.

Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

Umhverfissráðuneytinu, 17. nóvember 2004.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.

REGLUGERÐ

um efni og hluti úr sellulósafilmu sem er ætlað að snerta matvæli.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um fullunnar sellulósafilmur sem einnig geta verið efnisþáttur í samsettum vörum, og er ætlað að snerta matvæli eða geta gert það vegna notkunar þeirra. Reglugerð þessi gildir ekki um gervigarnir úr sellulósa.

2. gr.

Sellulósafilmur.

Sellulósafilmur sem vísað er til í 1. mgr. 1. gr. skulu tilheyra einni af eftirtöldum tegundum:

- a) óhúðuð sellulósafilma;
- b) húðuð sellulósafilma, þar sem húðun er fengin úr sellulósa;
- c) húðuð sellulósafilma með húðun úr plasti.

3. gr.

Skilgreiningar.

Merking orða í reglugerð þessari er sem hér segir:

1. Efni og hlutir eru hvers konar umbúðir, ílát, áhöld, tækjabúnaður, borðbúnaður og öll efni, sem slíkir hlutir eru samsettir úr.
2. Flæði er þegar efni geta borist úr efnunum og hlutum í matvæli.
3. Heildarflæði er samanlagt flæði allra efna sem geta borist úr efninu eða hlutum í matvæli.
4. Sellulósafilma er þynna úr efni sem fengin er úr hreinsuðum sellulósa úr viði eða baðmull. Til þess að fullnægja tæknilegum kröfum má bæta viðeigandi efnunum annað hvort í efnismassann eða á yfirborðið. Heimilt er að húða sellulósafilmu á annarri eða báðum hliðum.

4. gr.

Framleiðsla.

Við framleiðslu á sellulósafilmum, sem vísað er til í a) og b) lið 2. gr., er einungis heimilt að nota efni eða efnaflokkanna sem talin eru upp í viðauka 1 og þá aðeins með þeim skilyrðum sem þar eru sett.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að nota önnur efni en þau sem talin eru upp í viðauka 1 séu þau notuð sem litar- eða bindiefni, að því tilskildu að ekki sé hægt að greina að efni þessi flæði í matvæli.

Við framleiðslu á sellulósafilmum, sem vísað er til í c) lið 2. gr., er einungis heimilt að nota þau efni og efnisflokkanna sem eru á lista A í viðauka 1 fyrir húðun og þá aðeins með þeim skilyrðum sem þar eru sett.

Við plathúðun á sellulósafilmum er einungis heimilt að nota efni og efnisflokkanna sem koma fram í listum í viðauka 2 til 4 við reglugerð um efni og hluti úr plasti sem ætlað er að snerta matvæli nr. 111/2003, með síðari breytingum. Þessi efni skulu aðeins notuð í samræmi við þau skilyrði sem þar eru sett.

Þá skulu efni og hlutir gerðir úr sellulósafilmu og sem vísað er til í c) lið 2. gr. uppfylla 3., 9. og 10. gr. reglugerðar um efni og hluti úr plasti sem ætlað er að snerta matvæli nr. 111/2003, með síðari breytingum.

5. gr.

Áprentað yfirborð.

Áprentað yfirborð sellulósafilma má ekki komast í snertingu við matvæli.

6. gr.

Skriflegar yfirlýsingar.

Efnum og hlutum úr sellulósafilmum sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli skal á öðrum markaðsstigum en smásölu fylgja skrifleg yfirlýsing í samræmi við ákvæði reglugerðar um efni og hluti sem ætlað er að snerta matvæli nr. 537/1993, með síðari breytingum. Undanskilin þessu ákvæði eru efni og hlutir úr sellulósafilmu sem augljóslega eru ætluð undir matvæli.

Séu sérstök notkunarskilyrði tilgreind skal merkja efni eða hluti úr sellulósafilmum í samræmi við það.

7. gr.

Eftirlit.

Heilbrigðisnefndir hafa undir yfirumsjón Umhverfisstofnunar, hver á sínum stað, opinbert eftirlit með því að farið sé að ákvæðum þessarar reglugerðar nema annað sé ákvarðað skv. lögum eða sérreglum.

8. gr.

Þvingunarúrræði.

Um valdsvið og þvingunarúrræði fer samkvæmt 30. gr. laga um matvæli, nr. 93/1995 sbr. lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum.

9. gr.

Viðurlög.

Um viðurlög fer samkvæmt 31. gr. laga um matvæli, nr. 93/1995 sbr. og lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum.

10. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með stoð 18. gr. laga um matvæli, nr. 93/1995 sbr. lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum og til innleiðingar á tilskipun 93/10/EB, tilskipun 93/111/EB og tilskipun 2004/14/EB sem vísað er til í XII. kafla, II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 124/2004, þann 24. september 2004.

Reglugerðin öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 541/1993 um filmur úr sellulósa sem er ætlað að snerta matvæli.

Umhverfisstofnun, 17. nóvember 2004.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.

VIÐAUKI 1

Leyfileg efni við framleiðslu á filmu úr sellulósa.

Í þessum viðauka eru hundraðshlutar gefnir upp í þyngd/þyngd (w/w) og eru reiknaðir miðað við magn vatnsfirrtrar sellulósafilmu.

Almenn tækniheiti eru gefin upp innan sviga.

Efnin skulu vera af viðurkenndum gæðum og uppfylla kröfur um hreinleika.

Heiti	Skilyrði
A. Sellulósi	≥72% (w/w)
B. Aukefni	
1. Mýkingarefni	≤ 27% (w/w) alls
- bis (2-hýdroxýetýl) eter [= dýetýlenglýkól]	Aðeins fyrir filmur sem á að húða með gljáhúð og nota til að pakka inn matvælum sem innihalda ekki óbundið vatn á yfirborðinu.
- etandíól [mónóetýlenglýkól]	Heildarmagn bis (2-hýdroxýetýl) eters og etandíóls í matvælum sem hafa verið í snertingu við filmur af þessu tagi má ekki fara yfir 50 mg/kg
- 1,3-bútandíól	
- glýseról	
- 1,2-própandíól [=1,2-própýlendíól]	
- pólýetýlenoxíð [=pólýteýlenglýkól]	Meðalsameindapungi milli 250 og 1200
- 1,2-pólýprópýlenoxíð [=1,2-pólýprópýlenglýkól]	Meðalsameindapungi ≤ 400 og innihald af óbundnu 1,3-própandíóli ≤ 1% (w/w)
- sorbitól	
- tetraetýlenglýkól	
- tríetýlenglýkól	
- þvagefni	
2. Önnur aukefni	≤ 1% alls
1. flokkur	Magn efna eða flokks efna má ekki fara yfir 2 mg/dm ²
- ediksýra og NH ₄ ⁻ , Ca ⁻ , Mg ⁻ , K ⁻ og Na-sölt hennar	

Heiti	Skilyrði
- askorbínsýra og NH ₄ -, Ca-, Mg-, K- og Na-sölt hennar	
- bensósýra og natríum bensóat	
- maurasýra og NH ₄ -, Ca-, Mg-, K- og Na-sölt hennar	
- ógreinóttar mettaðar eða ómettaðar fitusýrur með jafnri tölu kolefnisatóma frá 8 til 20 að báðum meðtöldum svo og behen- og rísínolíusýrur auk NH ₄ -, Ca-, Mg-, K-, Na-, Al- og Zn-salta þessara sýra	
- amíð ógreinóttra mettaðra eða ómettaðra fitusýra með jafnri tölu kolefnisatóma frá 8 til 20 að báðum meðtöldum svo og amíð behen-og rísínolíusýra	
- sítrónu-, d- og l-mjólkur-, malín-, og vínsýrur auk Na- og K-salta þeirra	
- sorbínsýra og NH ₄ -, Ca-, Mg-, K- og Na-sölt hennar	
- náttúrulegar neysluhæfar sterkjur og hveiti	
- neysluhæfar sterkjur og hveiti sem breytt hefur verið með efnameðferð	
- amýlósi	
- kalsíum- og magnesíumkarbónöt og klóríð	
- esterar glýseróls með ógreinóttum mettuðum eða ómettuðum fitusýrum með jafnri tölu kolefnisatóma frá 8 til 20 að báðum meðtöldum og/eða adipín-, sítrónu-, 12-hýdroxýsterín (oxýsterín), rísínolíusýrum	
- esterar pólýoxýetýlens (8-14 oxýetýlenhópar) með ógreinóttum mettuðum eða ómettuðum fitusýrum með jafnri tölu kolefnisatóma frá 8 til 20 að báðum meðtöldum	
- esterar sorbitóls með ógreinóttum mettuðum eða ómettuðum fitusýrum með jafnri tölu kolefnisatóma frá 8 til 20 að báðum meðtöldum	
- mónó- og/eða dí-esterar sterínsýru með etandíóli og/eða bis (2-hýdroxýetýl) eter og/eða tríetýlenglýkóli	

Heiti	Skilyrði
- oxíð og hýdroxíð áls, kalsíums, magnesíums og kísils auk silíkata og vatnaðra silíkata áls, kalsíums, magníums og kalíums	
- pólýetýlenoxíð [=pólýetýlenglýkól]	Meðalsameindabungi milli 1200 og 4000
- natriumprópiónat	
2. flokkur	$\leq 1 \text{ mg/dm}^2$ alls og magn efna eða flokks efna má ekki fara yfir $0,2 \text{ mg/dm}^2$, (eða lægri mörk þegar þau eru tilgreind)
- natriumalkýl (C_8 til C_{18}) bensensúlfónat	
- natriumísóprópylnatalínsúlfónat	
- natriumalkýl (C_8 til C_{18}) súlfat	
- natriumalkýl (C_8 til C_{18}) súlfónat	
- natriumdíoktýlsúlfósúkkínat	
- dísterat úr díhýdroxýetýldiétýlen-tríamínómónóasetat	$\leq 0,05 \text{ mg/dm}^2$ alls á þeirri hlið sem er í snertingu við matvæli
- ammóníum-, magnesíum- og kalíumlárylsúlföt	
- N,N'-dísteróýldíamínóetan N,N'-dípalmitóýldíamínóetan og N,N'-díóleóýldíamínóetan	
- 2-heptadekýl-4,4-bis (metýlensterat) oxasólín	
- pólýetýlen-aminósteramídetýlsúlfat	$\leq 0,1 \text{ mg/dm}^2$ alls á þeirri hlið sem er í snertingu við matvæli
- Óbreyttar fjölliður af melamíni og formaldehýði eða breytanlegar með einni eða fleiri eftirtalinnna afurða: bútanóli, diétýlentríamíni, etanóli, triétýlentetramíni, tetraetýlenpentamíni, trí-(2-hýdroxýetýl)amíni, 3,3'-díamínó-díprópýlamíni, 4,4'-díamínódibútýlamíni	Óbundið formaldehýðinnihald á þeirri hlið sem er í snertingu við matvæli $\leq 0,05 \text{ mg/dm}^2$ Óbundið innihald melamíns á þeirri hlið sem er í snertingu við matvæli $\leq 0,3 \text{ mg/dm}^2$
- Fjölliður af melamíni, þvagefni og formaldehýði, umbreytt með tris-(2-hýdroxýetýl)amíni	Óbundið formaldehýðinnihald á þeirri hlið sem er í snertingu við matvæli $\leq 0,05 \text{ mg/dm}^2$
3. flokkur - tengiefni	$\leq 1 \text{ mg/dm}^2$ alls
- Krosstengdar pólýalkýlenamín katjónir: a) pólýamíð-epíklórhýdrín resin byggt á díamínóprópýlmetýlamíni og epíklórhýdríni b) pólýamíð-epíklórhýdrín resin byggt á epíklórhýdríni, adipínsýru,	Óbundið innihald melamíns á þeirri hlið sem er í snertingu við matvæli $\leq 0,3 \text{ mg/dm}^2$

Heiti	Skilyrði
kaprólaktami, díetýlentríamíni og/eða etýlendíamíni c) pólýamíð-epíklórhýdrín resín byggt á adipínsýru, díetýlentríamíni og epíklórhýdríni eða blöndu epíklórhýdríns og ammóníaks d) pólýamíð-pólýamínepíklórhýdrín resín byggt á epíklórhýdríni, dímetýladipati og díetýlentríamíni e) pólýamíð-pólýamínepíklórhýdrín resín byggt á epíklórhýdríni, adipamíði og díamínóprópýlmetýlamíni	-
- Pólýetýlenamín og pólýetýlenímín	Óbundið formaldehýðinnihald á þeirri hlið sem er í snertingu við matvæli $\leq 0,75$ mg/dm ²
- Óbreyttar fjölliður af þvagefnisformaldehýði, eða breytanlegar með einu eða fleiri eftirtalinna afurða: amínómetýlsúlfónsýru, súlfanílsýru, bútanóli, díamínóbútani, díamínódíprópýlamíni, díamínóprópani, díetýlentríamíni, etanóli, gúanídíni, metanóli, tetraetýlenpentamíni, tríetýlentetramíni, natríumsúlfíti	
4. flokkur	$\leq 0,01$ mg/dm ² alls
- Afurðir sem eru afrakstur efnahvarfa amína af neysluhæfum olíum og pólýetýlenoxíðs	
- mónóetanólamínílarýlsúlfat	

Listi B
Húðuð sellulósafilma.

Heiti	Skilyrði
A. Sellulósi	Sjá lista A
B. Aukefni	Sjá lista A
C. Húð	
1. Fjölliður	≤ 50 mg/dm ² alls á þeirri hlið sem er í snertingu við matvæli

Heiti	Skilyrði
- etýl, hýdroxyetýl, hýdroxyprópýl og sellulósa-metýleterar	
- sellulósanítrat	≤ 20 mg/dm ² á þeirri hlið sem er í snertingu við matvæli; köfnunarefnisinnihald milli 10,8 og 12,2%
2. Resín	Heildarmagn efna skal ekki fara yfir 12,5 mg/dm ² af húðinni á þeirri hlið sem er í snertingu við matvæli og aðeins við framleiðslu sellulósafilmu sem er húðuð með nítrósellulósa
- kasín	
- rósín og/eða afurðir fjölliðunar, vetnisbindingar eða misjöfnunar rósíns og esterar þeirra úr metýl-, etýl- eða C ₂ til C ₆ fjölgildu alkóhóli eða blöndu þessara alkóhóltegunda	
- rósín og/eða afurðir fjölliðunar, vetnisbinding eða misjöfnun sem þétt er með akrýl-, malín-, sítrónu-, fúmar- og/eða ftalsýru og/eða bisfenólformaldehýði og esterar með metýl-, etýl- eða C ₂ til C ₆ fjölgildu alkóhóli eða blöndu þessara alkóhóltegunda	
- esterar sem unnir eru úr bis (2-hýdroxyetýl) eter með viðbótarafurðum úr β-pínen og/eða dípenten og/eða díterpen og malínanhýdríði	
- neysluhæft gelatín	
- laxerolía og afurðir hennar eða afvötnun eða vetnisbinding og þéttiafurðir hennar með pólýglýseról, adipín-, sítrónu-, malín-, ftal- og sebaksýrum	
- náttúrulegt gúmmí [=damar]	
- pólý-β-pínen = [terpenresín]	
- þvagefnis- og formaldehýðs-resín (sjá tengiefni)	
3. Mýkiefni	≤ 12,5 mg/dm ² alls á þeirri hlið sem er í snertingu við matvæli. Á eingöngu að nota til að framleiða himnu úr sellulósa sem lögð er nítrósellulósa eða blandfjölliðunarhúð úr vínýlklóríði og vínýlasetati
- asetýltribútýlsítrat	
- asetýltrí (2-etýlhexýl) sítrat	
- dí-ísóbútýl- og dí-n-bútýladípat	

Heiti	Skilyrði
- dí-n-hexýlaselat	
- dí-sýklóhexýlftalat	$\leq 4 \text{ mg/dm}^2$ á þeirri hlið sem er í snertingu við matvæli
- 2-etylhexýldífenýlfosfat (samheiti: fosfórsýra dífenýl 2-etylhexýl ester)	Magn 2-etylhexýldífenýlfosfat skal ekki fara yfir: a) 2,4 mg/kg af matvæli sem er í snertingu við þessa gerð filmu, eða b) 0,4 mg/dm ² í húðuninni á þeirri hlið sem er í snertingu við matvæli
- glýserólmónóasetat [=mónóasetín]	
- glýseróldíasetat [=díasetín]	
- glýseróltríasetat [=tríasetín]	
- dí-bútýlsebakat	
- dí-n-bútýl- og dí-ísó-bútýltartrat	
4. Önnur aukefni	$\leq 6 \text{ mg/dm}^2$, að meðtalinni húð á þeirri hlið sem er í snertingu við matvæli
4.1. Aukefni á lista A	Sömu kröfur og fram koma í lista A, nema hvað gildin þar, í mg/dm ² , miðast við filmu án húðar
4.2 Sérstök aukefni í húð	Magn efna eða flokks efna má ekki fara yfir 2 mg/dm ² (eða lægri mörk þegar þau eru tilgreind)
- 1-hexadekanól og 1-oktadekanól	
- esterar úr ógreinóttum, mettuðum eða ómettuðum fitusýrum, með jafnri tölu kolefnisatóma frá 8 til 10 að báðum meðtöldum og úr rísínolíusýru með ógreinóttu etýl-, bútýl-, amýl- og óleóýlalkóhóli	
- montanvax, sem samanstendur af hreinsuðum montansýrum (C ₂₆ til C ₃₂) og/eða esterum þeirra með etandíól og/eða 1,3 bútandíól og/eða kalsíum- og kalíumsöltum þeirra	
- karnobavax	
- býflugnavax	
- espartóvax	
- kandelillavax	
- dímetýlpólýsílóxan	$\leq 1 \text{ mg/dm}^2$ á þeirri hlið sem er í snertingu við matvæli
- epoxuð sojabaunaolía (oxíraninnihald 6-8%)	
- hreinsað paraffínvax og örkristallað vax	
- pentaerýtrítóltetrasterat	

Heiti	Skilyrði
- mónico og bis (oktadesýldietylénoxíð) fosföt	$\leq 0,2 \text{ mg/dm}^2$ á þeirri hlið sem er í snertingu við matvæli
- alifatískar (C_8 til C_{20}) esteraðar með mónico-eða dí(2-hýdroxyetyl) amíni	
- 2- og 3-tert-bútýl-4-hýdroxyánísól [=bútýl hýdroxyánísól-BHA]	$\leq 0,06 \text{ mg/dm}^2$ á þeirri hlið sem er í snertingu við matvæli
- 2,6-dí-tert-bútýl-4-metylfenól [=bútýlhýdroxytólúen-BHT]	$\leq 0,06 \text{ mg/dm}^2$ á þeirri hlið sem er í snertingu við matvæli
- dí-n-oktýltín-bis(2-etylhexýl) malat	$\leq 0,06 \text{ mg/dm}^2$ á þeirri hlið sem er í snertingu við matvæli
D. Leysiefni	Heildarmagn allra efna má ekki fara yfir $0,6 \text{ mg/dm}^2$ á þeirri hlið sem er í snertingu við matvæli
- bútýlasetat	
- etýlasetat	
- ísóbútýlasetat	
- ísóprópýlasetat	
- própýlasetat	
- aseton	
- 1-bútanól	
- etýlalkóhól	
- ísóbútýlalkóhól	
- ísóprópýlalkóhól	
- 1-própanól	
- sýklóhexan	
- etýlenglýkólmónóetyléter	
- etýlenglýkólmónóetyléterasetat	
- metýletýlketón	
- metýlísóbútýlketón	
- tetrahýdrófúran	
- tólúen	$\leq 0,06 \text{ mg/dm}^2$ á þeirri hlið sem er í snertingu við matvæli

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 121/2004 um varnarefnaleifar í matvælum.

1. gr.

Tafla 1 í viðauka 2 breytist með eftirfarandi hætti:

Hámarksgildi fyrir varnarefnið 2,4-D (samanlögð gildi af 2,4-D og esterum þess) í sítrusávöxtum er 1 (t) mg/kg.

2. gr.

Tafla 1 í viðauka 2 breytist með eftirfarandi hætti:

Hámarksgildi fyrir varnarefnin aldrin^{1,2}, asefat, brómóprópýlat, cyazofamíð, 2,4-DB, 1,2-díklóróetan, etoxysúlfuron, etýlenoxíð, fenamífos (samanlögð gildi af fenamífos og súlfíðum og súlfónum þess), foramsúlfuron, hexaklórbenzen, HCH (summa af alfa og beta HCH), klórdan, kvikasílfur (samanlögð gildi fyrir kvikasílfursambönd), imazomox, linuron, nítrófen, oxadíargyl, oxasúlfuron, paraþýon-metýl og pendimetalin eins og fram kemur í viðauka 1 við þessa reglugerð.

3. gr.

Tafla 2 í viðauka 4 breytist með eftirfarandi hætti:

Hámarksgildi fyrir varnarefnin bínapakrýl, kaptafól, nítrófen, 1,2-díklóróetan, etýlenoxíð (samanlögð gildi fyrir etýlenoxíð og 2-klóróetanól), kamfeklór (samanlögð gildi þriggja Parlarindíkatóra nr. 26, 50 og 62), kvikasílfurssambönd og pendimetalín eru eins og fram kemur í viðauka 2 við þessa reglugerð.

4. gr.

Tafla 3 í viðauka 4 breytist með eftirfarandi hætti:

Hámarksgildi fyrir varnarefnin asefat, 2,4-DB, dínoseb, fenamífos (samanlögð gildi af fenamífos og súlfíðum og súlfónum þess), oxasúlfuron og paraþýon-metýl (samanlögð gildi fyrir paraþýon-metýl og paraoxon-metýl) eins og fram kemur í viðauka 3 við þessa reglugerð.

5. gr.

Tafla 5 í viðauka 5 breytist með eftirfarandi hætti:

Hámarksgildi fyrir varnarefnin asefat, bínapakrýl, cyazofamid, 2,4-DB, 1,2-díbrómóetan, dínoseb, 1,2-díklóróetan, etoxysulfuron, etýlenoxíð (samanlögð gildi af etýlenoxíði og 2-klóró-etanól), fenamífos (samanlögð gildi af fenamífos og súlfíðum og súlfónum þess), foramsúlfuron, imazomox, kamfeklór, kvikasílfursambönd, linuron, oxadíargyl, oxasúlfuron, nítrófen, pendimetalin og paraþýon-metýl eins og fram kemur í viðauka 4 við þessa reglugerð.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli samanber og lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og til innleiðingar á tilskipunum 2003/113/EB um breytingu á viðaukum við tilskipanir ráðsins nr. 86/362/EBE, 86/363/EBE og 90/642/EBE um hámarksgildi varnarefnaleifa í kornvörum, dýraafurðum ásamt ávöxtum og grænmeti, 2003/118/EB um breytingu á viðaukum við tilskipanir ráðsins nr. 76/895/EBE, 86/362/EBE og 90/642/EBE um hámarksgildi varnarefnaleifa fyrir asefat,

2,4-D og paraþíon-metýl, 2004/2/EB um breytingu á tilskipunum ráðsins 86/362/EBE, 86/363/EBE og 90/642/EBE um hámarksgildi leifa af varnarefninu fenamífos í matvælum, sem vísað er til í 13., 38., 39. og 54. t. XII. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 124 frá 24. september 2004 svo og tilskipunum 2004/59/EB um breytingu á tilskipun 90/642/EBE er varðar hámarksgildi fyrir leifar af varnarefninu brómópropýlat og 2004/61/EB um breytingu á viðaukum við tilskipanir 86/362/EBE, 86/363/EBE og 90/642/EBE er varðar hámarksgildi fyrir leifar af tilteknum varnarefnum sem óleyfilegt er að nota innan Evrópusambandsins.

Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 17. nóvember 2004.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.

	Aldrin (samanlögð gildi af aldrin og dieldrin)	Asefat	Bromó- própylat	Cyazofamíð	1,2-diklóroctan	Etylenoxíð	Ethoxýsúlfuron	Fenamífos (samanlögð gildi af fenamífos og súlfónum og súlfónum þess)	Hexaklór- bensen (HCB)	summa alfa- og beta - HCH	Foran- súlfuron
Matvæli											
Gulrófur											
Næpur											
Kínakantóflur	*							0,02*			
Annað	0,01*							0,02*			
(ii) Laukar	0,01*	0,02*	0,05*	0,01*(t)	0,01*	0,1*	0,05*(t)	0,02*	0,01*	0,01*	0,01*(t)
Hvíflaukur											
Laukur											
Skaloflaukur											
Perlulaukur							*				
Annað											
(iii) Græmmetsaldin		0,02*			0,01*	0,1*	0,05*(t)	*	0,01*	0,01*	0,01*(t)
(a) Kartöfluætt	0,01*										
Tómatar			1 (t)	0,2 (t)				0,05			
Paprikur								0,1			
Eggaldin								0,05			
Annað			0,05*	0,01*(t)				0,02*			
(b) Graskersett- neysluhefti hýði	0,02 ¹		0,05*					0,05			
Gürkur				0,1 (t)							
Þrúgugürkur								0,05			
Kürbitur								0,02*			
Annað				0,01*(t)							
(c) Graskersett- ónesyluhefti hýði	0,03 ¹		0,05*	0,1 (t)				0,05			
Melónur											
Grasker								0,05			
Vatnsmelónur								0,02*			
Annað								0,02*			
(d) Sykurmais	0,01*		0,05*	0,01*(t)							

Matvæli	Aldrin (samantölög gildi af aldrin og díe/drín)	Asefat	Brómó- propýlat	Cyazofamíó	1,2-díklóróetan	Etylenoxíó	Ethoxýsúlfuron	Fenamífos (samantölög gildi af fenamífos og súlfíðum og súlfonum þess)	Hexaklór- bensen (HCB)	summa alfa- og beta - HCH	Foram- súlfuron
Ertur											
Annað											
4. Öliufre	0,02* ²	0,05*	0,1*	0,02*(t)	0,02*	0,2*	0,05*(t)	0,05*	0,02*	0,02*	0,01*(t)
Hörfre											
Jarðhnetur											
Valmíufre (birt)											
Reppufre											
Sesamífre											
Sólblómífre											
Sojabaumir											
Baðmullarífre											
Símepsífre											
Annað											
5. Kartöflur (jarðepil)	0,01*	0,02*	0,05*	0,01*(t)	0,01*	0,01*	0,05*(t)	0,02*	0,01*	0,01*	0,01*(t)
Snemmvaxnar											
Matar- og iðnaðarkartöflur											
6. Fe	0,02*	0,05*	0,1*	0,02*(t)	0,02*	0,2*	0,1*(t)	0,05*	0,02*	0,02*	0,05*(t)
7. Humall	0,02*	0,05*	0,1*	0,02*(t)	0,02*	0,2*	0,1*(t)	0,05*	0,02*	0,02*	0,05*(t)

	Klórdan (samanlögð gildi af cis- og trans-klórdan)	Kvikasilfur (samanlögð gildi fyrir kvikasilfur- sambönd)	Imazamox	Linuron	Nitrofen	Oxadiargyl	Oxasulfuron	Parafýon-metyl	Pendimethalin	2,4-DB
Matvæli										
(iv) Steinaldín	0,01*	0,01*	0,05*(t)	0,05*(t)	0,01*	0,01*(t)	0,05*(t)	0,02*	0,05*(t)	0,05*(t)
Apríkkósar										
Kirsuber										
Ferskjur										
Nektarinur										
Plómur										
Annað										
(v) Ber og aðrir smáir ávextir	0,01*	0,01*	0,05*(t)	0,05*(t)	0,01*	0,01*(t)	0,05*(t)	0,02*	0,05*(t)	0,05*(t)
(a) Vínber										
Til vingerðar										
Ónnur										
(b) Jarðarber (önnur en villtir)										
(c) Reyri ávextir (aðrir en villtir)										
Brömber										
Blá hindber										
Loganber										
Hindber										
Annað										
(d) Aðrir smáavextir og ber (annað en villtir)										
Bláber										
Trömuber										
Garðaber										
Rífsber (rauð og hvít)										
Sólber										
Annað										
(e) Villtir ber og villtir ávextir										
(vi) Ýmsir ávextir	0,01*		0,05*(t)	0,05*(t)	0,01*(t)	0,01*(t)	0,05*(t)	0,02*	0,05*(t)	0,05*(t)
Lárpennur										

	Klórdan (samanlög gildi af cis- og trans-klórdan)	Kvikasilfur (samanlög gildi fyrir kvikasilfur- sambönd)	Imazamox	Limuron	Nitrofen	Oxadiargyl	Oxasulfuron	Parafýon-metyl	Pendimethalin	2,4-DB
Matvæli										
Ertur								0,2		
Annað								0,02*		
4. Oliufrae	0,02*	0,02*	0,05* (t)	0,1* (t)	0,02*	0,01* (t)	0,05* (t)	0,05*	0,1* (t)	0,05* (t)
Hörfrae										
Jarðmetur										
Válmúafrae (birki)										
Reppufrae										
Sesamifrae										
Sólblómefrae										
Sojabauur							*			
Baðmullarfrae										
Sinnepsfrae										
Annað										
5. Kartöflur (jarðepli)	0,01*	0,01*	0,05* (t)	0,05* (t)	0,01*	0,01* (t)	0,05* (t)	0,02*	0,05* (t)	0,05* (t)
Snemmvaxnar										
Matar- og iðnaðarkartöflur										
6. Te	0,02*	0,02*	0,1* (t)	0,1* (t)	0,02*	0,05* (t)	0,1* (t)	0,05*	0,1* (t)	0,1* (t)
7. Humall	0,02*	0,02*	0,1* (t)	0,1* (t)	0,02*	0,05* (t)	0,1* (t)	0,05*	0,1* (t)	0,1* (t)

* Greiningarmörk efnisins.

(t) Tímabundið gildi.

1 Gildi fyrir aldrin í nýpu og matvællum af graskeraett með ætu lýði, stafa af mengun frá fortöðinni.

2 Niðurstöður úr vöktun sýna að allt að 0,02 mg/kg af dieldrin geta verið í graskersfræjum sem notuð eru við olíuádrátt.

VIÐAUKI 2

Varnarefni	Hámarksgildi (mg/kg)		
	Fyrir fitu, sem er í kjóti, unnar kjötvörur, innmat og dýrafitu sem skráð eru í viðauka 3 undir tollskrárnúmerum 0201, 0202, 0203, 0204, 0205, 0206, 0207, 0208, 0209 00, 0210, 1601 og 1602 ^{3, 4}	Fyrir kúamjólk og nýmjólk skráð í viðauka 3 undir tollskrárnúmer 0401: fyrir önnur matvæli undir tollskrárnúmerum 0401, 0402, 0403, 0405 og 0406 ⁴	Fyrir skurnlaus ný egg, fuglasegg og eggjarauður skráðar í viðauka 3 undir tollskrárnúmerum 0407 00 og 0408 ^{5, 6}
Bínapakrýl	0,01*	0,01*	0,01*
Kaptafól	0,01*	0,01*	0,01*
Nítrófen	0,01*	0,01*	0,01*
1,2-díklóróetan	0,1*	0,1*	0,1*
Etylenoxíð (samanlögð gildi fyrir etýlenoxíð og 2-klóróetanól)	0,02*	0,02*	0,02*
Kamfélör (samanlögð gildi þriggja Parlar – indikатора nr. 26, 50 og 62)	0,05**, nema fyrir fuglakjöt	0,01*	
Kvikasilfur-sambönd	0,01*	0,01*	0,01*
Pendímetalín	0,05*	0,05*	0,05

³ Þegar um er að ræða matvæli með 10% fituinnihald eða minna miðast varnarefnaleifarar við heildarþyngd úrbeinaðra matvæla. Í slíkum tilvikum er hámarksgildið einn tíundi af hámarksgildi sem gefið er upp í töflu 2 miðað við fituinnihald, en verður að vera að minnsta kosti 0,01 mg/kg.

⁴ Þegar ákvarða skal magn varnarefnaleifa í kúamjólk er miðað við 4% fituinnihald af þyngd. Fyrir mjólk úr öðrum dýrum eru leifarnar gefnar upp miðað við fituinnihald.

Fyrir önnur matvæli skráð í viðauka 3 undir tollskrárnúmerum 0401, 0402, 0403 og 0404:

- Með fituinnihald innan við 2% miðað við þyngd, er hámarksgildið helmingur af því sem sett er fyrir hrámmjólk;

- Með fituinnihald 2% eða meira miðað við þyngd er hámarksgildið gefið upp í mg/kg af fitu. Í slíkum tilvikum er hámarksgildið 25 sinnum það sem sett er fyrir hrámmjólk.

⁵ Fyrir egg og eggafurðir með meira en 10% fituinnihald er hámarksgildi gefið upp í mg/kg af fitu. Í slíkum tilvikum er hámarksgildið 10 sinnum það sem sett er fyrir ný egg.

⁶ Neðanmálgreinar 1, 2 og 3 gilda ekki þegar um greiningarmörk er að ræða.

VIÐAUKI 3

Varnarefni	Hámarksgildi (mg/kg)		
	Fyrir kjöt, þ.m.t. fitu, unnar kjötvörur, innmat og dýrafitu sem skráð eru í viðauka 3 undir tollskrárnúmerum 0201, 0202, 0203, 0204, 0205 0000, 0206, 0207, 0208, 0209 00, 0210, 1601 00, 1602 ^{1, 4}	Fyrir hrámjólk og mjólkur-afurðir sem skráðar eru í viðauka 3 undir tollskrárnúmerum 0401, 0402, 0405 00 og 0406 í samræmi við ²	Fyrir skurnlaus ný egg, fuglsegg og eggjarauður skráðar í viðauka 3 undir tollskrárnúmerum 0407 00 og 0408 ^{3, 4}
Asefat	0,02*	0,02*	0,02*
Díonseb	0,01*	0,01*	0,01*
Fenamífos (samanlögð gildi af fenamífos og súlfíðum og súlfónum þess)	0,01*	0,005*	0,01*
Paraþýon-metýl (samanlögð gildi fyrir paraþýon-metýl og paraoxon-metýl)	0,02*	0,02*	0,02*
2,4-DB	Kjöt: 0,05*(t) Lifur, nýru: 0,1(t)	0,01*(t)	0,05*(t)
Oxasúlforon	0,05*(t)		

¹ Þegar um er að ræða matvæli með 10% fituinnihald eða minna miðast varnarefnaleifarnar við heildarþyngd úrbeinaðra matvæla. Í slíkum tilvikum er hámarksgildið einn tíundi af hámarksgildi sem gefið er upp í töflu 3 miðað við fituinnihald, en verður að vera að minnsta kosti 0,01 mg/kg.

² Þegar ákvarða skal magn varnarefnaleifa í kúamjólk er miðað við 4% fituinnihald af þyngd. Fyrir mjólk úr öðrum dýrum eru leifarnar gefnar upp miðað við fituinnihald.

- Með fituinnihald innan við 2% miðað við þyngd er hámarksgildið helmingur af því sem sett er fyrir hrámjólk;
- Með fituinnihald 2% eða meira miðað við þyngd er hámarksgildið gefið upp í mg/kg af fitu. Í slíkum tilvikum er hámarksgildið 25 sinnum það sem sett er fyrir hrámjólk.

³ Fyrir egg og eggafurðir með meira en 10% fituinnihald er hámarksgildi gefið upp í mg/kg af fitu. Í slíkum tilvikum er hámarks magnið 10 sinnum það sem sett er fyrir ný egg.

⁴ Neðanmálgreinar 1, 2 og 3 gilda ekki þegar um greiningarmörk er að ræða.

* Greiningarmörk efnisins.

(t) Tímabundið gildi.

VIÐAUKI 4

Varnarefni	Kornvörur	Hámarksgildi (mg/kg)
Asefat	Allar afurðir	0,02*
Binapakrýl	Allar afurðir	0,01*
Cyazofamíð	Allar afurðir	0,02* (t)
1,2-díbrómóetan	Allar afurðir	0,01*
1,2-díklóróetan	Allar afurðir	0,01*
Dínóseb	Allar afurðir	0,01*
Ethoxysúlforon	Allar afurðir	0,05* (t)

Varnarefni	Kornvörur	Hámarksgildi (mg/kg)
Etýlenoxíð (samanlögð gildi af elýlenoxíði og 2-klóró-etanól)	Allar afurðir	0,02*
Fenamífos (samanlögð gildi af fenamífos og súlfíðum og súlfónum þess)	Allar afurðir	0,02* (t)
Foramsúlfuron	Allar afurðir	0,01* (t)
Kamfeklór (klórað kamfen með 67-69% klóríni)	Allar afurðir	0,1*
Kvikasilfursambönd	Allar afurðir	0,01*
Nítrófen	Allar afurðir	0,01*
Imazamox	Allar afurðir	0,05* (t)
Linuron	Allar afurðir	0,05* (t)
Oxadíargyl	Allar afurðir	0,01* (t)
Oxasúlfuron	Allar afurðir	0,05* (t)
Parabýon-metýl	Allar afurðir	0,02*(t)
Pendimethalin	Allar afurðir	0,05* (t)
2,4-DB	Allar afurðir	0,05* (t)

* Greiningarmörk efnisins.

(t) Tímabundið gildi.

12. nóvember 2004

Nr. 923

GJALDSKRÁ um gatnagerðargjöld í Rangárþingi eystra.

1. gr.

Á fasteignir í sveitarfélaginu skal leggja gatnagerðargjald eftir því sem nánar segir í gjaldskrá þessari. Gatnagerðargjald leggst á nýbyggingar, stækkun eldri húsa og áður byggð hús við götur sem sveitarfélagið lætur gera og sem ætlað er að bundið slitlag verði lagt á eða þar sem bundið slitlag hefur þegar verið lagt á. Heimilt er að auki að leggja gatnagerðargjald á óbyggðar lóðir, ef þær eru notaðar tímabundið eða varanlega til annars en bygginga, sbr. 3. gr., t.d. geymslulóðir. Gatnagerðargjald er fyrst gjaldkræft við úthlutun lóðar sem er í eigu sveitarfélagsins og við útgáfu byggingarleyfis á öðrum lóðum. Gatnagerðargjald getur verið gjaldkræft síðar skv. ákvörðun sveitarstjórnar. Gjaldskrá þessi er sett skv. heimild í lögum um gatnagerðargjald nr. 17/1996 og reglugerð um gatnagerðargjald nr. 543/1996.

2. gr.

Af hverjum rúmmetra húss greiðist ákveðinn hundraðshluti byggingarkostnaðar, eins og hann er á hverjum tíma í vísitöluhúsi fjölbýlis samkvæmt útreikningum Hagstofu Íslands á grundvelli laga nr. 42/1987. Hundraðshluti byggingarkostnaðar ákvarðast eftir hústegund sem hér segir:

Einbýlishús	5%
Rað- og fjölbýlishús (mest 4 íbúðir)	4%
Fjölbýlishús (5 íbúðir eða fleiri)	3,5%
Atvinnuhúsnaði, þ.m.t. opinberar stofnanir	4%
Annað húsnaði – eftir nánari ákvörðun sveitarstjórnar	3% – 6%
Bifreiðageymslur beri helming hundraðshluta viðkomandi byggingaflokks.	

Rúmmál byggingar, þ.m.t. bifreiðageymslur og annað húsnæði, skal reikna eftir ÍST 50 og miða við brúttóstærðir.

Í atvinnuhúsnæði sem þarf vegna starfsemi sinnar meira en 5,5 metra lofthæð, skal við útreikning rúmmáls vegna álagningar gatnagerðargjalds miða við 5,5 metra lofthæð, þó hún sé meiri í raun.

Að auki skal greiða kr. 77 í gatnagerðargjald af hverjum fermetra lóðar. Gjald þetta breytist um sama hlutfall og breytingar á vísitölu byggingakostnaðar frá nóvember 2004.

3. gr.

Gjald skal miða við stærð húss og lóðar skv. samþykktum uppdrætti af húsi og skipulagsuppdrætti af lóð. Nú er ekki hendi samþykktur uppdráttur af húsi, og skal þá miða við stærð húss sem skipulag gerir ráð fyrir, en sé slíkt ekki ákveðið í skipulagi, skal miða við eftirtaldar lágmarksstærðir:

Einbýlishús með tilheyrandi bílgeymslu	500 m ³
Rað- og fjöleignarhús (mest 4 íbúðir), hver íbúð	400 m ³
Fjöleignarhús (5 íbúðir eða meira), hver íbúð	300 m ³

Í atvinnuhúsnæði skal við útreikning rúmmáls vegna álagningar gatnagerðargjalds miða við lofthæð að lágmarki 3,5 m, nema uppdráttur sýni annað. Áætla skal nýtingarhlutfall lóðar 0,3 – 0,5 eftir nánari ákvörðun skipulags- og bygginganefndar hverju sinni, ef það er ekki bundið að öðru leyti í samþykktu deiliskipulagi.

Framangreindar reglur í 1. og 2. málsgrein gilda, ef hús er stækkað, að því er til stækkunar tekur.

Endanlegt gatnagerðargjald skal reikna skv. 2. gr. þegar samþykktur uppdráttur liggur fyrir og það greitt við veitingu byggingarleyfis.

4. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gatnagerðargjald útreiknað skv. 2. og 3. gr. vegna breytilegs kostnaðar við undirbyggingu og frágang gatna, m.a. vegna kostnaðar við land, jarðvegsdýpt, stærð og staðsetningu lóðar við götu ofl.

5. gr.

Þegar hús er rífið eða fjarlægt af lóð og nýtt byggt í staðinn, er heimilt að innheimta gatnagerðargjald að því er stækkuninni nemur skv. 2. gr. Sama gildir ef hús brennur eða eyðileggst af öðrum völdum og byggt er nýtt hús á lóðinni. Ef veitt er heimild fyrir breyttri notkun húss þannig að það færast í hærri gjaldflokk gatnagerðargjalda, skal greiða viðbótargatnagerðargjald sem nemur mismun á gjaldflokkunum. Ef hús færast í lægri gjaldflokk endurgreiðist mismunur gatnagerðargjalds samkvæmt gjaldflokkunum ekki.

6. gr.

Reikning fyrir gatnagerðargjald er heimilt að gera þegar hús er fokhelt eða fyrr ef sveitarstjórnin ákveður það sbr. ákv. 1. gr. Reikning fyrir gatnagerðargjald á eignarlóðir er heimilt að gera við útgáfu byggingarleyfis. Ef gatnagerðargjald er lagt á óbyggða lóð í eigu sveitarfélagsins er heimilt að gera reikning við úthlutun lóðarinnar. Reikning fyrir viðbótargatnagerðargjald er heimilt að gera við útgáfu byggingarleyfis. Greiða skal a.m.k. 20% af álögðu gatnagerðargjaldi innan 30 daga frá útgáfu reiknings og afganginn með skuldayfirlýsingu til fjögurra ára.

Sveitarstjórn er heimilt að semja við greiðendur um önnur greiðslukjör. Heimilt er að fresta gjaldfellingu gatnagerðargjalds af atvinnuhúsnæði í allt að 5 ár frá veitingu byggingarleyfis.

7. gr.

Sveitarstjórn getur ákveðið gatnagerðargjald sérstaklega í þeim tilvikum þegar byggingar falla ekki undir ákvæði gjaldskrár þessarar.

8. gr.

Gatnagerðargjald skal endurgreitt í eftirtöldum tilvikum:

- a) Ef lóðarhafi skilar úthlutaðri lóð eða ef lóðarúthlutun er afturkölluð.
- b) Ef gatnagerðargjald hefur verið lagt á í tengslum við útgáfu byggingarleyfis en leyfið fellur úr gildi eða fellt úr gildi. Á það jafnt við um gatnagerðargjald af eignarlóðum og viðbótargatnagerðargjald sbr. 5. gr.

Endurgreiðslu gatnagerðargjalds skv. a-lið 1. mgr. er heimilt að fresta þar til lóð er úthlutað að nýju, en þó ekki lengur en í 6 mánuði. Frestur til endurgreiðslu er í öðrum tilvikum 1 mánuður frá því að lóðarhafi leggur fram ósk um endurgreiðslu gatnagerðargjalds skv. b-lið 1. mgr.

Gatnagerðargjald skal endurgreitt og verðbætt miðað við vísitölu byggingakostnaðar frá því lóðarhafi greiddi gatnagerðargjaldið til endurgreiðsludags.

9. gr.

Nú greiðir lóðarhafi ekki gatnagerðargjald á tilskyldum tíma og þá er sveitarstjórn heimilt að afturkalla byggingarleyfi og/eða lóðarúthlutun.

10. gr.

Lóðarhafi ber ábyrgð á greiðslu gatnagerðargjalds. Gatnagerðargjald er ásamt áföllnum vöxtum og kostnaði tryggt með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði. Lögveðsrétturinn tekur einnig til váttryggingarfjár viðkomandi eignar. Lögveðsrétturinn helst þó samið verði um greiðslufrest skv. 2. mgr. 6. gr. og skal þess getið í skilmálum.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Rangárþings eystra þann 11. nóvember 2004.

Hvolsvelli, 12. nóvember 2004.

F.h. sveitarstjórnar Rangárþings eystra,

Ágúst Ingi Ólafsson sveitarstjóri.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 751/2002 um tilteknar epoxy afleiður til notkunar í efni og hluti sem ætlað er að snerta matvæli.

1. gr.

3. gr. hljóðar svo:

Efni og hlutir sem ætlað er að snerta matvæli skulu ekki gefa frá sér efni sem talin eru upp í viðauka 1 í magni umfram það sem þar er tilgreint. BADGE skal ekki vera til staðar í efnum og hlutum sem ætlað er að snerta matvæli eftir 31. desember 2005. Efni og hlutir sem ætlað er að snerta matvæli skulu ekki gefa frá sér efni sem talin eru upp í viðauka 2

í magni sem, að viðbættu BADGE og afleiðum þess sem taldar eru upp í viðauka 1, er umfram það sem tilgreint er í viðauka 2.

BFDGE skal ekki vera til staðar í efnum og hlutum sem ætlað er að snerta matvæli eftir 31. desember 2004.

2. gr.

5. gr. hljóðar svo:

Skilyrðin sem koma fram í 3. gr. og 4. gr. gilda ekki um efni og hluti sem ætlað er að snerta matvæli og skilgreindir eru í b) og c) lið 2. gr. og komu á markað fyrir 1. mars 2003. Slík efni og hlutir sem ætlað er að snerta matvæli má setja á markað að því tilskildu að pökkunardagur komi fram á umbúðum í samræmi við reglugerð um merkingu, auglýsingu og kynningu matvæla nr. 588/1993, með síðar breytingum.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. gr. laga um matvæli, nr. 93/1995 sbr. lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðar breytingum og til innleiðingar á tilskipun 2004/13/EB um breytingu á tilskipun 2002/16/EB sem vísað er til í tölu 54. zzi, XII. kafla, II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 124/2004, þann 24. september 2004.

Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

Umhverfisstjórnuneytinu, 17. nóvember 2004.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.

REGLUR

um undanþágur frá auglýsingum vegna starfa við Háskólann á Akureyri.

1. gr.

Markmið.

Reglur þessar eru rammi um ráðningar á grundvelli laga nr. 43/2004 um breytingar á lögum nr. 40/1999 um Háskólann á Akureyri. Í a-lið 1. gr. laganna segir að í 9. mgr. 3. gr. verði tekin upp heimild til undanþágu frá meginreglu 7. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sem mælir fyrir um það að auglýsa beri laus störf hjá ríkinu.

2. gr.

Stöðuveitingar án auglýsingar.

Almenna reglan er sú að auglýsa skal allar háskólakennara- eða sérfræðingsstöður. Þó getur rektor, í sérstökum tilvikum, ráðið háskólakennara eða sérfræðing, án auglýsingar til allt að þriggja ára vegna tímabundinna og vel skilgreindra verkefna, sbr. 4. gr. Samningur um skiptingu kostnaðar milli háskólans og viðkomandi verkefnis skal vera fyrirbyggjandi. Jafnframt skal liggja fyrir samningur um leigu á húsnæði eða skrifstofu.

Laun starfsmanna í hlutastarfi fara eftir úrskurði kjaranefndar og kjarasamningi Félags háskólakennara á Akureyri og fjármálaráðherra eða öðrum kjarasamningum, eftir því sem við á. Starfsmenn fá greitt í samræmi við það starfshlutfall sem þeir gegna.

3. gr.

Ráðningaferli.

Viðkomandi leggur fram viðeigandi gögn hjá hlutaðeigandi deild eða stofnun. Föst dómnefnd (sbr. 3. grein laga nr. 40/1999, mgr. 3, 4, 5, og 6) metur hæfi viðkomandi til að gegna stöðunni. Sé um kennarastöðu að ræða munu niðurstöður mats dómnefndar lagðar til grundvallar því hvort viðkomandi verður ráðinn sem lektor, dósent eða prófessor.

4. gr.

Dæmi um störf sem reglurnar eiga við um:

Starf háskólakennara eða sérfræðings sem byggist á rannsóknarstyrkjum.

Hluti rannsóknastarfsins við Háskólann á Akureyri og stofnanir hans er kostaður af styrkjum sem einstakir verkefnastjórar, kennarar eða fastráðnir sérfræðingar, eða rannsóknahópar sækja um til innlendra eða erlendra rannsóknasjóða og nota til að ráða starfsmenn að rannsóknunum. Slíkir styrkir eru ævinlega bundnir við tiltekið verkefni og tímabundnir. Eðlilegt er að viðkomandi verkefnastjóri hafi fullt vald til að ráðstafa styrknum, þar með talið að ráða starfsmann án auglýsingar ef það þykir henta.

Störf nemenda sem eru í rannsóknartengdu framhaldsnámi.

Háskólinn á Akureyri stefnir að því að byggja upp rannsóknartengt framhaldsnám. Nemendur í slíku námi hafa að jafnaði annaðhvort framfærslu af námsstyrkjum eða þeir eru á launum sem umsjónarkennari fjármagnar með rannsóknarstyrkjum eða rannsóknasamningum. Þegar svo háttar til er val nemanda alfarið á valdi umsjónarkennara og ekki sjálfgefið að slíkt starf sé auglýst þó að við vissar aðstæður geti verið talið tilefni til að efna til samkeppni um slíka námsstöðu.

Starf vísindamanns sem byggist á sérstökum tímabundnum styrk til rannsókna styrkþegans sjálfs.

Mörg dæmi eru um það að erlendir sem innlendir vísindamenn sækja um og fá styrki til afmarkaðra rannsóknarverkefna sem þeir hyggjast vinna sjálfir. Styrkveitingin er að jafnaði bundin vísindamanninum en hann semur síðan við rannsókn- eða háskólastofnun um þá aðstöðu sem honum er þörf til þess að vinna verkefnið. Í ýmsum tilvikum getur verið hentugt og jafnvel nauðsynlegt að vísindamaðurinn leggi styrkinn inn í heild til viðkomandi stofnunar sem aftur ræður þá vísindamanninn tímabundið til starfa við verkefnið. Við þessar aðstæður er augljóst að forsenda starfsins er sá styrkur sem viðkomandi vísindamaður leggur fram og því verður starfið ekki auglýst.

Samvinnuverkefni starfsmanns háskóla og annars aðila um sérstakar tímabundnar rannsóknir.

Sum þeirra starfa sem verða til í Háskólanum á Akureyri tengjast verkefnum sem í eðli sínu eru tímabundin og felast í að framkvæma tiltekna rannsóknáætlun í samvinnu starfandi háskólamanna og utanaðkomandi aðila sem kunna að eignast réttindi yfir verkefninu og koma að því á öllum stigum. Aðkoma slíkra aðila kann að vera best tryggð með ráðningarsamningi, en jafnljóst er að ekki eru forsendur til þess að auglýsa starfið laust til umsóknar.

Sérstök tímabundin kennarastörf sem kostuð eru af utanaðkomandi aðilum.

Háskólinn á Akureyri stefnir að því að fjölga þeim kennarastörfum sem kostuð eru af

stofnunum eða fyrirtækjum með sérstökum samningum. Slík störf eru að jafnaði veitt til tiltekins tíma, t.d. þriggja eða fimm ára. Í sumum tilvikum eru slík störf bundin tilteknum rannsóknasviðum og jafnvel sett á fót til þess að tilteknir sérfræðingar fái aðstöðu til þess að kenna tiltekin fræði og stunda rannsóknir á því sviði við skólann. Ekki er því sjálfgefið að forsendur séu til að auglýsa starfið.

Háskólakennari í hlutastarfi sem tengist tilteknu starfi utan skólans á grundvelli samstarfssamnings milli stofnana.

Samkvæmt 15. gr. laga um Háskólann á Akureyri er heimilt að tengja starf kennara (háskólamanns) tilteknu starfi utan skólans. Fram kom í greinargerð með þessu ákvæði á frumvarpsstigi að slíkum tengslum skyldi einkum komið á með samkomulagi milli stofnana þar sem tryggður væri aðgangur að aðstöðu og sérþekkingu tiltekinna sérfræðinga. Hefur skólinn á grundvelli þessarar heimildar gert samstarfssamninga við aðrar stofnanir ríkisins þar sem byggt er á því að tilteknir starfsmenn séu í starfi bæði hjá skólanum og viðkomandi stofnun. Geri samningurinn ráð fyrir nýjum störfum hefur verið talið að auglýsa beri slík störf enda þótt forsenda samningsins sé tiltekin sérfræðipekking sem til staðar er innan stofnunar. Ljóst er á hinn bóginn að í mörgum tilvikum stýra hinar samningsbundnu forsendur því hvernig starfinu er ráðstafað. Æskilegt er því að til staðar sé svigrúm að þessu leyti til þess að meta megi hvort auglýsing starfsins þjóni einhverjum tilgangi.

5. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar eru settar á grundvelli 3. gr. laga nr. 40/1999 um Háskólann á Akureyri, með áorðnum breytingum og öðlast þegar gildi.

Háskólanum á Akureyri, 8. nóvember 2004.

Þorsteinn Gunnarsson rektor.

*Sigrún Sveinbjörnsdóttir,
varaforseti háskólaráðs.*

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um meðferð persónuupplýsinga hjá lögreglu, nr. 322 9. apríl 2001.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. reglugerðarinnar:

a. Á eftir 3. tl. kemur nýr töluliður er orðast svo:

Gagnagrunn þar sem skráðar eru upplýsingar um einstaklinga, hópa, félög, fyrirtæki eða annað sem tengist eftirfarandi brotaflokkum:

- a. fíkniefnum,
- b. barnaklámi,
- c. peningaþvætti,
- d. hryðjuverkum,
- e. fjármögnun skipulagðrar brotastarfsemi,
- f. ólögmaetum flutningi fólks.

b. 4. tl. verður 5. tl.

2. gr.

Við 3. gr. bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Ef ætla má að opinber birting á tilkynningu um skrá til Persónuverndar stefni í hættu þeim löggæsluhagsmunum sem skránni er ætlað að þjóna, getur Persónuvernd, í kjölfar kröfu þess efnis frá ríkislögreglustjóra, ákveðið að tilkynningin skuli ekki birt opinberlega.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 3. mgr. 19. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19 26. mars 1991, i-lið 1. mgr. 5. gr. lögreglulaga nr. 90 13. júní 1996, sbr. lög nr. 15 14. apríl 2000, og 3. mgr. 45. gr. laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77 23. maí 2000, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 19. nóvember 2004.

Björn Bjarnason.

Ásgerður Ragnarsdóttir.

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Eyjafjarðarsveit.

Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar hefur samþykkt tillögu að deiliskipulagi Djúpadalsvirkjana. Um er að ræða tvær virkjanir, Djúpadalsvirkjun 1 og Djúpadalsvirkjun 2. Djúpadalsvirkjun 1 er u.þ.b. 1,5 km ofan ármótanna við Eyjafjarðará og Djúpadalsvirkjun 2 u.þ.b. 5 km ofan og sunnan sömu ármóta. Afköst hvorrar virkjunar fyrir sig eru áætluð 1,9 MW. Báðar virkjanirnar munu taka vatn úr miðlunarlónum og er stærð minna lónsins u.þ.b. 3 ha (virkjun 1), en þess stærra u.þ.b. 47 ha. Í báðum tilvikum er gert ráð fyrir u.þ.b. 900 m löngum niðurgrofnum fallpípum frá inntökum við lónsstíflurnar og að stöðvarhúsunum. Framkvæmdaleyfi fyrir virkjun 1 hefur þegar verið gefið út og er framkvæmdum að mestu lokið.

Skipulagstillaga þessi hefur fengið þá meðferð sem lög ákveða og og öðlast hún gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Eyjafjarðarsveit, 22. nóvember 2004.

Bjarni Kristjánsson
sveitarstjóri.

